

DAGUR

ÚTGEFANDI: DAGSPRENT HF.
SKRIFSTOFUR: STRANDGATA 31, PÓSTHÓLF 58, AKUREYRI,
SÍMI: 96-24222 • SIMFAX: 96-27639
ÁSKRIFT KR. 1200 Á MÁNUDI • LAUSASÖLUVERÐ KR. 110
GRUNNVERÐ DÁLKSENTIMETRA 765 KR.
RITSTJÓRI: BRAGI V. BERGMANN (ÁBM.)
FRÉTTASTJÓRI: KRISTJÁN KRISTJÁNSSON
UMSJÓNARMADUR HELGARBLADS: STEFÁN SÆMUNDSSON
BLADAMENN: GEIR A. GUDSTEINSSON, HALLDÓR ARINBJARNAR-
SON, (Íþróttir), INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR (Húsavík vs. 96-41585),

JÓHANN ÓLAFUR HALLDÓRSSON, ÓLI G. JÓHANNSSON,
ÓSKAR ÞÓR HALLDÓRSSON, SIGRÍÐUR ÞORGRÍMSDÓTTIR
(Saubárkróki vs. 95-35960, fax 95-36130), STEFÁN SÆMUNDSSON,
ÞÓRÐUR INGIMARSSON, LJÓSMYNDARI: ROBYN ANNE REDMAN
PRÓFARKALESTUR: SVAVAR OTTESEN
ÚTLITSHÖNNUN: RÍKARDUR B. JÓNASSON
AUGLÝSINGASTJÓRI: FRIMANN FRIMANNSSON
DREIFINGARSTJÓRI: HAFDÍS FREYJA RÖGNVALDSDÓTTIR, HEIMASÍMI 25165
FRAMKVÆMDASTJÓRI: HÖRÐUR BLÓNDAL
PRENTVINNSLA: DAGSPRENT HF.

6. desember 1992 markar svo sannarlega tímamót í sögu Lögmannshliðarsóknar, því á morgun fer fram vígsla Glerárkirkju. Á örfáum árum hafa íbúar Glerárhverfis með samhentum átaki reist glæsilega byggingu, sem um ókomna framtíð mun bera framtaki þeirra og samheldni fagurt vitni.

Einungis átta ár eru liðin frá því fyrsta skóflustungan að Glerárkirkju var tekin og rúm fimm ár frá því fyrsti áfangi kirkjubyggingarinnar var vígður. Það þykir ekki langur tími þegar svo stór framkvæmd er annars vegar og ljóst að vel hefur verið að verki staðið. Hins vegar er um aldarfjórðungur síðan fyrstu hugmyndir um að reisa kirkju í Glerárhverfi vöknud. Akureyri hefur dafnað vel síðustu áratugi og bæjarbúum fjölgað ört. Glerárhverfi er það hverfi bæjarins sem tekið hefur mestum stakkaskiptum,

Glerárkirkja vígð

Því við upphaf sjöunda áratugarins var hverfið, sem bæjarbúar þekkja í dag, að miklu leyti óbyggt. Uppbygging hverfisins hefur því verið afar hröð á öllum sviðum.

Árið 1981 var Akureyrarprestakalli skipt í tvennt og hét þá Glerárprestakall norðan Glerár. Til þess heyrðu í upphafi Lögmannshliðarsókn og Miðgarðasókn í Grímsey, en fyrir tveimur árum var Miðgarðasókn færð undir Akureyrarprestakall. Vegna þess hve hröð þróunin var, voru sóknarbörn hins nýja prestakalls á hrakhólum með húsnæði undir safnaðarstarfið fyrstu árin. Ýmist var messað í gömlu kirkjunni í Lögmannshlið eða í

Glerárskóla. Að því kom þó fljótt að hvorugt húsnæðið var nægilega stórt til að hýsa hið blómlega safnaðarstarf með góðu móti. Þá var gripið til þess ráðs að halda guðspjónustur í Íþróttahúsi Glerárskóla og þótti það tíðindum sæta. Góð kirkjusókn, þrátt fyrir ófullkomna ytri umgjörð safnaðarstarfsins á þessum árum, sýndi þó vel brennandi áhuga íbúanna á starfinu.

Á vígsludegi Glerárkirkju er megináfangi kirkjubyggingarinnar að baki. Glerárkirkja er svo sannarlega glæsilegt mannvirki, um það verður ekki deilt. En hún er um leið annað og meira. Hún er hús helgað guði og athvarf fyrir alla þá sem honum tilheyrir - og

vettvangur ótrúlega fjölbreyttrar starfsemi. Í Safnaðarblaði Glerárkirkju, sem gefið er út í tilefni af vígslunni, kemst Gunnlaugur Gardarsson, sóknarprestur Glerársafnaðar, svo að orði: „Að byggja kirkju er táknað athöfn, því að um leið og hún er heilagt, frátekið hús, með ákveðið hlutverk og skýrt markmið, þá er hún einnig tákn um samfélag allra þeirra sem henni tilheyrir. Eins er því varið með orðið sjálft, kirkja. Það merkir í senn ákveðna byggingu, en einnig samfélag þeirra manna sem tilheyrir Jesú Kristi og eru frátekin eign hans. Hinu andlega byggingastarfi er því ekki lokið. Það er eilíft verkefni.“ Þau orð er vert að hafa ávallt í huga.

Dagur óskar sóknarbörnum Lögmannshliðarsóknar svo og Akureyringum öllum til hamingju með daginn.

BB.

HRÆRINGUR

Stefán Þór Sæmundsson



Ég er púkó, ómóðins, bölvadur sauður og skyrgámur

Um daginn lá ég veikur. Óskaplega aumur. Fársjúkur. Ég vissi að það kæmi að því að tóbaksleysið legði mig í rúmið. Höfuðið var að springa. Hitasótt og óráð. Skjálfti. Sviti. Beinverkir. Svona hafði mér ekki liðið í þrjú mánuði, eða frá því á fyrstu dögum reykleysis. Kannski voru þetta síðbúin frá-hvarfseinkenni, flash-back. Lengi vel ætlaði ég að harka þetta af mér, sýna karlmennsku og hetjulund, en um síðir lagðist ég flatur og þá var ekki aftur snúið. Ég leitaði mér hjálpar.

Ráðleggingar vinnufélaga: „Blessaður fátú þér vel af konfaki og byrjaðu strax að reykja aftur. Hættu þessum aumingjaskap og drullastu í vinnuna. Það er ekkert að þér.“

Ráðleggingar eiginkonu: „Æ, góði hættu þessu væli. Þú karlmenn þykist alltaf vera við grafarkann þegar þú fátú smá flensuskít. Reyndu þá að gera eitthvað fyrst þú ert heima. Þú býrð til matinn, vaskar upp, gefur börnunum að borða, baðar son þinn, svæfir hann, hengir upp þvottinn og straujar meðan ég fer í saumaklubbinn í kvöld.“

Ráðleggingar heimilislæknis: „Algjör hvíld. Rúmlega. Krassandi pensilínkúr. Þú verður að

fara vel með þig, annars er vöðinn víss.“

Bókvitnið verður ekki látið í bera askana

Sjónvarpið. Þráinn Bertelsson og Hjálmar Ragnarsson voru í heimsókn hjá Davíð að mótmæla fyrirhuguðum virðisaukaskatti á bækur. Ég fylgdist með gegnum óráðspökuna. Þeir félagar voru spurðir að því hvort bókinn væri í hættu, hvort hún myndi deyja.

Nei, ekki vildu þeir vera svo svartýsnir. Hins vegar sögðu þeir að virðisaukinn myndi veikja bókina og sá sem væri orðinn veikur gæti dáíð.

Gæti dáíð! Ég stirðnaði upp. Ég var veikur. Þá gæti ég hugsa anlega... Nei, ég mátti ekki hugsa svona. En blessuð bókinn, hún er allt of góð til að hljóta þessi örlög sem stjórnmöld ætla henni. Burt með menningarskatt. Burt með misvittra stjórnmálamenn. Burt með stjórna eins og hún leggur sig.

„Burt!“

„Hvað ertu að jarma, fársjúkur maðurinn?“ fússaði konan. Ég hafði víst hugsað upphátt og nú hélt hún að ég væri að tala við sjónvarpið, eins og stundum gerist þegar sýnt er

beint frá æsandi kappleikjum.

„Ég var bara að syngja,“ muldraði ég hálf rænulaus. „Því það er engum morgunblöðum um það að fletta að bókvitnið verður ekki látið í bera askana.“

Konan hristi höfuðið og fór. Burt.

Hrollkaldur er heitavatnslaus maður

Blindur er bóklaus maður. Hrollkaldur er heitavatnslaus maður. Já, þeir ætla að snarhækka gjaldskrá hitaveitunnar. Nógu er hún nú há a.m.k. á Akureyri. Ætli maður verði ekki að flytja til Húsavíkur. Þetta er annars með miklum ólíkindum að heita vatnið, hin rómaða náttúruauðlind okkar sem hjalar við hvers manns dyr, skuli þurfa að kosta svona ofboðslega mikið.

Heita vatnið er að setja marga á hausinn. Svo eru dæmi um að menn meggi ekki nota aðra orkugjafa til upphitunar. Það þýðir refsitaxta eða lögbann. Þetta nær ekki nokkurri átt, segja sárhneykslaðir menn. Og þó. Sem blaðamaður á Degi og almennur borgari á Akureyri finnst mér furðu lítið um að fólk stingi niður penna

og komi skoðunum sínum á framfæri. Sennilega eru flestir á lesendasvæði Dags svona ánægðir með aðgerðir ríkisstjórnarinnar og áform. Gott og vel.

En ég var að tala um veikindin. Ég fór að ráðum læknisins og dældi í mig lyfjum fyrir þúsundir króna og reyndi að hafa hægt um mig. Ráð vinnufélaga hafað ég að engu. Og sjá. Ég reis alheill upp á þriðja degi.

Ég er gömul lumma

Yfir í allt aðra sálma að lokum. Bókin er sem betur fer ekki



daud. Það er hljómlatan hins vegar, gamla vínplatan, plastið, breiðskífan, langspilið, grammafónplatan 33ja snúníng, þessi sígildi gleðigjafi. Það þykir mér sýrt í broti.

Konan gaf mér nýja Genesis plötu í jólagjöf um síðustu jól. Afgreiðslumaðurinn í hljómdeldinni trúði varla sínum eigin eyrum þegar hún heimtaði plötu en ekki disk. Hann hélt að það hefðu ekki komið neinar plötur en svo gróf hann upp eitt eintak baka til.

Ekki hefur ástandið skánað, nema síður sé. Nú mun varla vera hægt að fá nýjasta efnið á plötu, bara á diskum og kassetum. Geislasplárabyltingin er gengin yfir. Allir eiga nú geislaspláru og kaupa diska. Allir nema ég. Gamla Sharp samstæðan snýst ennþá á stofugólfinu og gömlu, góðu plötunum standa fyrir sínu. En ég fæ engar nýjar. Ég hef ekkert með diska að gera. Ég hef ekki fylgt þróuninni. Ég er kominn úr öllum tengslum við veruleikann. Ég er af týndu kynslóðinni. Ég er gömul lumma. Ég er vonlaus hallærisgæi. Ég er orðinn gamall. Ég er púkó, argasta íhald, ómóðins, bölvadur sauður og skyrgámur, en ég er... og um það snýst málið.